

ALMENNA LEIGUFÉLAGIÐ

Almenna leigufélagið ehf.

**Viðauki við grunnlýsingu sem dagsett er 10. desember 2018
vegna 30.000.000.000 króna útgáfuramma**

Viðauki þessi, sem dagsettur er 8. apríl 2019 (hér eftir „viðaukinn“), við grunnlýsingu Almenna leigufélagsins ehf., sem dagsett er 10. desember 2018 (hér eftir „grunnlýsingin“) er birtur á grundvelli 46. greinar laga nr. 108/2007, um verðbréfaviðskipti. Grunnlýsingin, skal höfð til hliðsjónar við lestur viðaukans og skal viðaukinn mynda órjúfanlegan hluta grunnlýsingarinnar. Skilgreiningar sem birtar eru í grunnlýsingunni gilda einnig um viðaukann nema samhengi eða orðalag bendi til annars.

Fjármálaeftirlitið hefur staðfest viðaukann. Viðaukinn og grunnlýsingin eru á íslensku og birt með rafrænum hætti á vefsíðu útgefanda, <https://www.al.is/#!/investors/bond-issuance>. Fjárfestar geta einnig nálgast viðaukann og grunnlýsinguna sér að kostnaðarlausu á skrifstofu Almenna leigufélagsins ehf., Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík, í 12 mánuði eftir dagsetningu grunnlýsingarinnar.



Umsjónaraðili er Landsbankinn hf.

Dagsetning viðaukans er 8. apríl 2019

MIKILVÆGAR UPPLÝSINGAR OG TILKYNNINGAR TIL FJÁRFESTA

Nýr liður bætist við kaflann „*Skjöl felld inn með tilvísun*“ á bls. 75:

Endurskoðaður ársreikningur Almenna leigufélagsins 2018 fyrir fjárhagsárið 2018 sem lauk 31. desember 2018, ásamt áritun endurskoðanda, vefsloð:

<https://cdn.sanity.io/files/lhzhs952/production/c84becbff1bc9f7cf3dcc2d4980839ac6a132699.pdf>

Nýr liður bætist við í kaflann „*Skjöl til sýnis*“ á bls. 75:

Endurskoðaður ársreikningur Almenna leigufélagsins 2018

YFIRLÝSING ÁBYRGÐARAÐILA FYRIR HÖND ÚTGEFANDA

Formaður stjórnar og framkvæmdastjóri Almenna leigufélagsins ehf., kt. 611013-0350, Suðurlandsbraut 30, 108 Reykjavík, lýsa því yfir hönd Almenna leigufélagsins ehf., sem útgefanda, að samkvæmt þeirra bestu vitund eru upplýsingarnar sem viðaukinn hefur að geyma, í samræmi við staðreyndir og að engum upplýsingum er sleppt sem kunna að skipta máli varðandi áreiðanleika hans.

Reykjavík 8. apríl 2019

Fyrir hönd Almenna leigufélagsins ehf.



Ingvi Hrafn Óskarsson,

stjórnarformaður



María Björk Einarsdóttir,

framkvæmdastjóri